

stefnu ESB í landbúnaðarmálum telja að bændum gefist nú loks frelsi til að framleiða það sem markaðurinn vill í stað þess að tryggja sér lífsviðurværi með framleiðslutengdum styrkjum. Því er einnig haldið fram að þegar verð lækki á landbúnaðarvör- unum geti framleiðsla ESB orðið samkeppnishæf á heimsmark- aði.

Verkefni

1 Lýstu fimm helstu markmiðum landbúnaðarstefnu ESB.

Hvaða leiðir fer ESB til að ná þessum markmiðum?

Hverjir eru helstu gallar landbúnaðarstefnunnar?

Hversu stór hluti tekna ESB fer í að framfylgja landbúnaðar- stefnunni?

Hver eru hin nýju viðhorf í breyttri landbúnaðarstefnu ESB?

2 Kynntu þér stefnu íslenskra stjórnvalda í landbúnaðarmálum og berðu hana saman við landbúnaðarstefnu ESB.

Evrópskt efnahagssvæði

25

Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði (EES) er helsti viðskiptasamningur Íslendinga. Hann var undirritaður árið 1992 en tók gildi tveimur árum seinna eða 1. janúar 1994. Evrópskt efnahagssvæði, venjulega nefnt EES, er viðskiptasvæði þrjátíu landa, þ.e. allra ESB-landanna tuttugu og sjö og þriggja aðild- arlanda EFTA, Íslands, Noregs og Lichtenstein. Á svæðinu bjuggu árið 2006 um 500 milljónir manna.

EFTA og ESB eru stærstu og mikilvægustu viðskiptaaðilar Íslendinga því að 78,4% útflutnings okkar fer inn á Evrópska efnahagssvæðið og 64,6% alls innflutningsins okkar kemur þaðan (2007).¹

Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði opnaði Íslandi leið að svokölluðum innri markaði Evrópusambandsins. Markmið samningsins er að koma á einum markaði á svæðinu með iðnvæðing, þjónustu, fjármagn og vinnuafli, sem og gagnkvæm- um búseturétti.

Fjórfrelsið – grundvöllur EES-samkomulagsins

1. Einn vinnumarkaður

Vinnuafli á Evrópska efnahagssvæðinu má leita sér að vinnu hvar sem er innan þessara þrjátíu landa. Finnir menn vinnu við sitt hæfi innan þriggja mánaða, t.d. í Frakklandi, mega þeir setjast þar að með fjölskyldur sínar og njóta þar fullra réttinda.

2. Einn þjónustumarkaður

Menn geta sett upp fyrirtæki í löndunum og boðið þar þjónustu

¹ Heimild: Hagstofa Íslands.

Gömlu ESB-ríkin, 15 lönd	EFTA ríki í EES, 3 lönd	EFTA ríki utan EES, 1 land	10 ríki urðu aðilar að ESB árið 2004 og tvö árið 2007, 12 lönd
Austurríki	Ísland	Swiss	Eistland
Belgía	Noregur		Kýpur
Bretland	Liechtenstein		Pólland
Danmörk			Slóvenía
Finland			Tékkland
Frakkland			Ungverjaland
Grikkland			Malta
Holland			Lettland
Írland			Litháen
Ítalía			Slóvakía
Lúxemborg			
Spánn			Búlgaría
Svíþjóð			Rúmenía
Portúgal			
Þýskaland			

Mynd 25.1 Aðildar-
þjóðir EES eru ESB
þjóðirnar og EFTA þjóð-
irnar að Swiss frátöldu

sína, jafnt arkitektar sem hárgreiðslukonur. Bæði iðnaðarmenn og sérfræðingar mega stofna þar fyrirtæki án takmarkana.

3. Einn vörumarkaður

Allir tollar og aðrar viðskiptahömlur á iðnvarningi eru afnumdar á milli landanna.

4. Einn fjármagnsmarkaður

Menn geta flutt peningana sína án takmarkana milli landanna, t.d. keypt sér hlutabréf í erlendum fyrirtækjum, sett peningana sína inn á erlenda banka, keypt sér erlend skuldabréf eða reist verksmiðjur.

Í EES-samningnum felast ekki einungis frjáls viðskipti og sameiginleg réttindi, heldur einnig sameiginlegar reglur á ýmsum sviðum, t.d. til að tryggja sanngjarna samkeppni, neytendavernd, umhverfisvernd, félagsleg lágmarksréttindi o.s.frv.

Við gerð samningsins fengu Íslendingar nokkrar undanþágur frá ofannefndu fjórfrelsi. Eftirfarandi atriði eru dæmi um slíkar undanþágur:

- Ef íslensk stjórnvöld telja að af flutningi útlendinga hingað til lands stafi félagsleg röskun geta þau takmarkað flutning útlendinga hingað til lands. Þetta þýðir líka að þessar sömu þjóðir mega setja takmarkanir á flutning Íslendinga í atvinnuleit til sinna landa á sama tíma.
- Útlendingar sem koma af Evrópska efnahagssvæðinu mega ekki starfa í stjórnarráðinu, í landhelgisgæslunni, í lögreglunni eða í dómkerfinu.
- Erlendir aðilar mega ekki kaupa hér land nema þeir hafi dvalist hér í a.m.k. fimm ár og ætli sér að nýta landið til að stunda hefðbundinn búskap.
- Útlendingar mega hvorki kaupa né eignast með einhverjum hætti hlut í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum.

Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði þýðir að tollarnir sem ESB-þjóðirnar leggja á innflutning frá þjóðum utan ESB til að draga úr samkeppni og til að afla tekna til sameiginlegra útgjalda eru felldir niður af innflutningi frá EFTA-þjóðunum. Þannig hafa um 95% allra tolla á sjávarafurðir frá Íslandi verið felldir niður. Þegar samningurinn var gerður árið 1992 greiddu Íslendingar 2,1 milljarð árlega í tolla af sjávarfangi sem flutt var til ESB-landanna en upphæðin lækkaði í 200 milljónir með samningnum. Samkeppnisstaða íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja batnaði því stórlega og samningurinn jók hagnað þeirra.

Þegar samningurinn var undirritaður árið 1992 voru sjö lönd í EFTA en þremur árum seinna árið 1995 færðu Svíþjóð, Finnland og Austurríki sig úr EFTA yfir í ESB. Við þetta veiktist mjög EFTA-armurinn svokallaði að EES-samkomulaginu því nú voru aðeins eftir, auk Noregs, tvö smáríki – Ísland og Lichtenstein.

Samstarf og samráð EFTA-ríkjanna við ESB fara fram í Sameiginlegu EES nefndinni í Brussel en svo nefnist sameiginleg stofnun ESB og EFTA um ákvarðanatöku er snertir breytingar á reglum ESB sem hafa áhrif á samninginn um EES. Þessi nefnd hittist einu sinni í mánuði og hefur fimm undirnefndir sem starfa að staðaldri. Þær eru: Nefnd um frjáls vöruviðskipti,

Bætt samkeppnis-
staða íslenskra
sjávarútvegs-
fyrirtækja

nefnd um frjáls þjónustu- og fjármagnsviðskipti, nefnd um frjálsan atvinnu- og búseturétt, nefnd um mál sem falla utan svokallaðs fjórfrelsis og nefnd um stofnanir og lagaleg álitamál. Auk fastanefndanna fimm er starfandi fjöldi starfshópa svo að samstarf EFTA-ríkjanna og samráðið við ESB er nokkuð kostnaðarsamt. Eftir útgöngu Svíþjóðar, Finnlands og Austurríkis varð erfitt fyrir EFTA-löndin þrjú að standa straum af þessum kostnaði.

Ef breytingar eru gerðar á reglum ESB sem snerta fjórfrelsið eða önnur svið sem ná til EES-samkomulagsins eru breytingarnar lagðar fyrir Sameiginlegu EES-nefndina. Samþykki Sameiginlega EES-nefndin breytingarnar taka þær gildi í aðildarríkjum EES með fyrirvara hér á landi um samþykki Alþingis. Þetta á við ef breyta þarf íslenskum lögum vegna fyrrnefndra breytinga. Stundum er þó einungis um að ræða breytingar á reglugerðum. Lagabreytingar sem snerta innri markað ESB öðlast því ekki gildi hér á landi nema að fengnu samþykki Alþingis.

Verkefni

- 1 Hvað er EES?
- 2 Hvaða lönd eiga aðild að EES?
- 3 Hvaða fjögur atriði Rómarsáttmálans eru meginreglur EES? Lýstu þeim og áhrifum þeirra á íslenskt efnahagslíf.
- 4 Hverjar voru helstu undanþágur sem Íslendingar fengu frá meginreglum EES? Hvenær tók EES gildi?
- 5 Hvaða breytingar urðu árið 1995 og 2004 sem geta haft áhrif á framtíð EES?
- 6 Hver var helsti fjárhagslegur ávinningur Íslendinga af EES?
- 7 Hvernig hafa breytingar á reglum um innri markað ESB áhrif á okkur?

Hnattvæðing

26

Hnattvæðing merkir aukin samskipti manna á öllum sviðum í veröldinni. Orðið nær yfir mjög hraða þróun á samskiptum manna á efnahagslegum, félagslegum, pólitískum, menningarlegum og tæknilegum sviðum. Sumir vilja líkja afleiðingum hnattvæðingarinnar nú á dögum við þær miklu breytingar sem iðnbyltingin hafði í för með sér. En hvar liggja rætur hnattvæðingarinnar og hvernig hafa þær ýtt undir þessi auknu samskipti fólks?

Hverjar eru helstu ástæður hnattvæðingarinnar?

Ein orsök hnattvæðingarinnar eru frjálsari viðskipti með vörur og þjónustu landa á milli. Afnáam alls konar viðskiptahafta er stór hluti þessarar þróunar. Aukið viðskiptafrelsi hefur leitt til stórauðinna viðskipta landa á milli. Vörur og þjónusta eiga nú greiðari aðgang að öðrum löndum.

Önnur orsök hnattvæðingarinnar eru frjálsir fjármagnsflutningar milli landa sem gera fyrirtækjum og einstaklingum kleift að flytja fjármagn á milli landa og stunda starfsemi sína nánast hvar sem er. Mörg fyrirtæki hafa því undanfarna áratugi í auknum mæli staðsett rekstur sinn í sífellt fleiri löndum.

Þetta eru svokölluð fjölþjóðafyrirtæki. Þau eru alls ekki ný af nálinni því sögu þeirra má rekja til þess tíma þegar bandarísk iðnfyrirtæki hófu að setja upp starfsemi fyrirtækja í sinni eigu í Evrópulöndum. Þau höfðu í mörgum tilfellum metnað heima-markað sinn í Bandaríkjunum eftir seinni heimsstyrjöldina og voru í leit að nýjum kaupendum. Með því að staðsetja fyrirtæki sín í Evrópu gátu þessi fyrirtæki fengið ódýrara vinnuafn en völ var á heima fyrir. Þau spóruðu sér kostnað við að flytja vörurnar frá Bandaríkjunum til Evrópu og komust um leið hjá því að greiða háa tolla sem á þessum tíma voru lagðir á allar innfluttar vörur til Evrópu. Fyrirtæki um allan heim geta nú leitað með